

Íslands skulu tilnefna hvor sinn fulltrúa í nefndina og stjórnarnefnd skipa einn án tilnefningar og er hann formaður. Nefndin skal láta í té rökstutt álit á því hverja umsækjenda hún telur hæfa og raða þeim í forgangs röð.

Stjórnarnefnd skal hafa álitserð nefndarinnar til hlíðsjónar við ráðningu forstöðumanns sem er ráðinn úr hópi þeirra umsækjenda sem taldir eru hæfir.

Forstöðumaður hefur umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar, framgangi rannsóknarverkefna og útgáfustarfsemi og annast daglegan rekstur, m.a. ráðningu starfsmanna til minni háttar verkefna. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 69/1988, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 13. desember 1989.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum í Breiðafirði.

## 1. gr.

Frá og með 1. janúar 1990 til og með 31. mars 1990 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem afmarkast af eftirtöldum punktum:

1. 65°13.2' N og 23°33.6' V
2. 65°06' N og 24°22' V
3. 65°14' N og 24°56.5' V
4. 65°28' N og 24°49' V

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eypórsson.*